



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100105/ksj

Deiliskipulag sumarhúsaloðar nr. 27 í landi Öndverðarness II í Grímsnesi og Grafningshreppi.

Vísað er til erindis Péturs Inga Haraldssonar skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst þann 16.11. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag lóðar nr. 27 í landi Öndverðaness II í Grímsnesi og Grafningshreppi. Tilgangur deiliskipulagstillögunnar er að fá að skipta lóð númer 27 í 3 lóðir 27, 27A og 27B. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 22190 fermetrar eða rúmir 2,2 hektarar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

Náttúruminjar

Ofangreint skipulagssvæði er allt á Náttúruminjaskrá (747). En í skránni segir: "*Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.*"

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er við bakka Álftavatns, og samkvæmt ofangreindu ættu því engar byggingar að vera nær vatninu en 200 metrar. Við það er almennt miðað þegar vötn og tjarnir eru sett á Náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft og farveg þess ásamt 100 metra breiðu belti ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfrabruna, en hér er kveðið á um verndun 200 metra svæðis. Byggingarreitir á lóðum 27 og 27A eru samkvæmt ofangreindu of nálægt vatninu.

Vegna útivistargildis og verndargildis svæðisins er ljóst að það verður meiri röskun á svæðinu þegar þar verða reistir þrír bústaðir í stað eins. Vegur liggur nú þegar á ská gegnum ofangreint svæði sem nýttur verður fyrir bústaðina, þannig að taka verður tillit til þess að töluverð röskun hefur þegar orðið.

Við ár og vötn þarf að gæta að aðgengi almennings. Samkvæmt lögum um náttúruvernd númer 44/1999 er kveðið skýrt á um girðingar í 23. grein, en þar segir: "*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri leið gangandi manna.*" Því ber að gæta þess ef lóðirnar verða girtar, að girðing sé ekki nær ánni en 50


metrar.

Á ofangreindu deiliskipulagssvæði er upprunalegur birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir að mikilvægt er að skógurinn verði fyrir sem minnstri röskun og vill stofnunin benda á að í 39. grein Laga um náttúruvernd númer 44/1999 kemur fram að vinna skuli að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Einnig kemur fram í sömu grein *“Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.”* Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að staðsetning húsa taki mið af birkikjarri og landslagi.


Niðurstaða

Þrír bústaðir í stað eins munu leiða til meiri röskunar á svæði á Náttúruminjaskrá en þar sem veglagning hefur raskað svæðinu nokkuð setur Umhverfisstofnun sig ekki á móti því Á ofangreindri deiliskipulagstillögu eru byggingarreitir nær Álftavatni en gert er ráð fyrir þegar um er að ræða svæði á Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun mælir með að byggingar verði eins langt frá vatni og kostur er. Gæta þarf að aðgengi almennings við vatnið, og að upprunalegum skógi verði ekki raskað.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit Skipulagsstofnun